

Húnsstaðir 1842¹

- 1 Baðstofa í 4 stafgólfum, 10 1/2 alin á lengd, 5 1/4 alin á breidd. Með 10 stöfum, 2 bitum, 5 sperrum, 3 skambitum, lausholtum, 4 langböndum á hlið, fjalviðar upprefti á 1 stafgólfi en raftviðar á þremur. Hurð á járnum við dyrastafi. Veggir stæðilegir, þak gott. Álag 8 rd.
- 2 Búrhús, 5 1/4 alin á lengd, 4 1/4 alin á breidd. Með 1 bita, 1 stoð, mæniás, þver- og langreft. Hurð á járnum skrálæst, við dyrastafi og þrepskjöld. Veggir stæðilegir, þak brunnið. Álag 4 rd.
- 3 Eldhús, 4 1/2 alin á lengd, 3 álnir á breidd. 2 bitar, einlægur mæniás, þver- og langreft. Þverreft yfir dyrum, hurð á járnum með hespu og keng við dyrastafi, dyratré og þrepskjöld. Veggir stæðilegir, þak brunnið. Álag 2 rd.
- 4 Göng frá baðstofu til skellidyra, 6 álnir á lengd, 1 alin á breidd. Þver- og langreft. Frá skáladyrum til útidyra 3 3/4 alin á lengd, 2 álnir á breidd. Einlægur mæniás, 2 bitar og 2 stoðir undir fremri bita sem er með sperrum á. Fyrir skellidyrum er hurð á járnum snerluð við dyrastafi og sín fjöl hvors vegar og fjalir yfir dyrum. Fyrir útidyrum er þil með vindskeiðum, hurð á járnum við dyrastafi með járnloku og snerli. Veggir stæðilegir, þak brunnið. Álag 1 rd.
- 5 Fjós yfir 4 naut. 1 mæniás, 2 stoðir, þver- og langreft. Hurð á járnum við dyrastafi með loku og keng. Útidyr með hurð á járnum við dyrastafi. Ranghali frá útidyrum til heytóftar, þverreftur. Veggir stæðilegir, þak brunnið. Heytóft er stæðileg. Álag 2 rd.
- 6 Geymslukofi, 5 álnir á lengd, 3 1/4 alin á breidd. Með 6 stoðum, 3 bitum, 3 sperrum, lausholtum, 2 langböndum á hlið og mænitróðu, smáviðar upprefti. Hurð á járnum með skrá og lykli við dyrastafi og lítið þil með vindskeiðum, aurslá að neðan. Veggir og þak brúkanlegt. Álag ekkert.
- 7 Smiðja, 5 1/2 alin á lengd, 3 3/4 alin á breidd. Með 1 bita og dverg á undir mæniás, þver- og langreft. Hurð á járnum með hespu og keng við dyrastafi. Veggir og þak gott. Álag ekkert.
- 8 Innstæðuhús yfir 20 fjár með öllu tilheyrandi, garða umbúning og hurð með lokum. Álag 2 rd.
- 9 Hesthús yfir 3 hesta. Með 1 ás, þver- og langreft. Lausri hurð og dyrastöfum. Veggir og þak lélegt. Álag 2 rd.
- 10 Kálgarður á að fylgja.
Í allt 21 rd.
Jörðunni fylgja 12 ær í innstæðu.
Datum ut supra,
Ólafur Jónsson, Sigurður Sigurðsson; R.M. Ólsen, Þorlákur Auðunsson

Húnsstaðir 1853²

Árið 1853, þann 18. maí, var hreppstjórinn í Torfalækjarhrepp ásamt bónda, Jónasi Jóhannessyni á Breiðavaði, nærverandi á Húnsstöðum til að uppskrifa og úttaka þessarar Þingeyraklausturs jarðar hús og innstæðu kúgildi, samt meta álag á þar hvar þurfa þykir. Við úttektina mætir fráfarandi, bóndinn Jón Kristjánsson, og viðtakandi, bóndi Gísli Jónsson. Sömuleiðis hlutaðeigandi umboðsmaður, herra R. M. Olsen. Kom svo til úttektar sem fylgir:

- 1 Baðstofa, 10 1/2 alin að lengd, rúmar 4 álnir á breidd. Með 10 stöfum, 2 bitum, 5

¹ ÞÍ. Þingeyraklaustursumboð VII/6.

² ÞÍ. Þingeyraklaustursumboð VII/5.

sperrum, lausholtum, 4 langböndum á hlið. Nýleg reisifjöl í 2 stafgólfum og gamalt fjalviðar upprefti í 2 stafgólfum. Brúkanleg hurð á járnum við dyrastafi, við dyratré og þrepskjöld. 3 glergluggar fylgja húsinu. Veggir stæðilegir. Þak brunnið, þar tyrfingu.

2 Búrhús, 5 1/2 alin að lengd, 4 1/4 alin breitt. Með 3 bitum, 3 sperrum, 6 stöfum.

Langreft og þverreft af fornum viði, með mænitróðu. Með hurð á járnum við dyrastafi með hespu og keng og þrepskjöld. Veggir hússins eru stæðilegir, þak brúkanlegt.

2 Eldhús, 5 álna langt, 4 álna breitt. Með 2 bitum, 4 stöfum, dvergur á öðrum þeirra undir mæniásum. Langreft og þverreft. Með hurð á járnum, við dyrastafi, með hespu og keng, þrepskjöld og dyratré. Veggir stæðilegir, þak nýtilegt.

4 Göng frá baðstofu til skellidyra, 7 álna löng, manngeng að breidd. Með nýtilegu upprefti. Veggir stæðilegir, þak brúkanlegt. Skellidyrabil brúklegt, með hurð á járnum við dyrastafi, þrepskjöld, með járnlinku.

Bæjardyr 4 álna að lengd og 2 álna að breidd. Með brúklegu útipili og vindskeiðum, samt hurð á járnum við dyrastafi, dyratré og aurslá, með járnhöldu, járnlinku og járnloku. Upprefti á bæjardyrum er fremur lélegt og sumstaðar næstum inn sloppið. Veggir og þak brúkanlegt.

5 Fjós yfir 4 kýr. Með 2 stoðum, einum mæniás og af honum þverreft á vegg. Fyrir fjósinu er hurð brúkleg á járnum við dyrastafi, þrepskjöld og dyratré. Veggir stæðilegir, þak brúkanlegt. Viðir fjóssins nokkuð fúnir. Forskyggni fram af fjósinu til útidyra með nýtilegu upprefti, hurð á járnum við dyrastafi, þrepskjöld og dyratré. Veggir og þak stæðilegt. Ranghali frá fjósi til fjóstóftar, of lágur að veggjum, með lítt nýtu upprefti. Fjóstóft brúkanleg.

6 Skemma fyrir norðan bæjardyr, 6 álnir á lengd, 3 1/4 á breidd. Með 6 stöfum, þremur bitum, þrennum sperrumyndum, lausholtum, tveimur langböndum á hlið og mænitróðu. Smáviðar upprefti og léleg hurð á járnum með skráarmynd. Lítilfjörlegt þil með vindskeiðum og aurslá. Húsið er snarað. Veggir lítt stæðilegri.

7 Smiðja, 5 1/2 alin á lengd, 3 3/4 alin á breidd. Með bita og dverg á undir mæniás, þver- og langreft. Hurð á járnum með hespu og keng við dyrastafi. Veggir og þak brúkanlegt.

8 Innstæðuhús yfir 20 fjár. Með öllu tilheyrandi, garða og dyra umbúning. Álag ekkert.

9 Hús yfir 3 hesta. Þver- og langreft um ás. Laus hurð við dyrastafi. Veggir lélegir, þak brúkanlegt.

10 Kálgarður á að fylgja.

Jörðunni fylgja tólf ær í innstæðu.

Álag á nr. 1 baðstofu

2 rd.

--- 2 búrið

1 rd., 64 sk.

--- 3 eldhúsið

80 sk.

--- 4 göngin

2 rd.

--- 5 fjósið

4 rd., 48 sk.

--- 6 smiðju

2 rd.

--- 7 skemmukofi

3 rd., 48 sk.

--- 9 hesthús

1 rd., 32 sk.

Samtals

17 rd. 80 sk.

Framan skrifaðri úttekt til staðfestu undirskrifa.

Jón Sveinsson, Jónas Jóhannesson, Gísli Jónsson, Jón Kristjánsson (handsalað);
viðstaddur R.M. Olsen

Húnsstaðir 1865³

Ábúandi hreppstjóri Gísli Jónsson

Hús jarðarinnar eru í besta standi og öll bæjarhús nýbyggð og hefir ábúandinn byggt nokkuð af þeim í ár og jafnframt sléttað 1/3 dagsláttu. Áður hefir hann líka sléttað talsvert, mest af óræktarmóum, og með því grætt út túnið. Hann er nú farinn að viðhafa reitasléttun. Tröð hefir hann byggt ofan frá bænum, rúmt 30 faðma langa, með snidduhlöðnum traðargörðum og sléttað út af á [báðar] síður. Bæði sauðatað og hlandfor er hér brúkuð til áburðar. Túnið gefur nú 1/4 meira en þegar ábúandinn kom hingað. Yfirhöfuð er öll umgengni og umhirðing jarðarinnar í besta lagi, eins og líka það mun mega fullyrða að fáir eða engir leiguliðar á jafn rýru jarðnæði hafi kostað jafn miklu til endurbótar ábýla sinna og hér hefir verið gjört. Engjar eru litlar og lélegar en útbeit allgóð. Búsmalaland er mjög lélegt. Jörðin á lítið land og svo er líka nokkur óvissa um landamerki.

Hér mundi túngarður ásamt túnasléttun vera nauðsynlegasta jarðabót og mætti þá líka auka túnið talsvert út.

Húnsstaðir 1881⁴

Ábúandi Gísli Jónsson

Byggingarbréf hans frá 1853 áskilur enga skylduvinnu í jarðabótum en þrátt fyrir það hefir ábúandinn sléttað í túninu rúmlega 600 ferfaðma og svo sléttað óræktarmóa sem jöðruðu við túnið og grætt þá upp og er sá blettur nær því 1600 ferfaðmar. Auk þessa hefir þessi ábúandi byggt mikið vandaðan snidduhlaðinn túngarð, að lengd 50 faðma, og traðarveggi heim að bænum 60 faðma langa, samt byggt sáðgarð og grafið brunn við bæinn. Öll hús jarðarinnar, sem mjög voru lítil og léleg, hefir hann byggt upp að nýju vel og haganlega og breytt formi þeirra til bóta. Öll umgengni á jörð þessari lýsir atorkusemi og þrifnaði.

³ ÞÍ. Þingeyraklaustursumboð 1865. Læt þessi tvö yfirlit einnig fljóta með hér þótt þau snerti ekki bæjarhúsin.

⁴ ÞÍ. Þingeyraklaustursumboð 1881. **Vantar skráningarnúmer. Og líka í skjalaskrána.**